

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 53 27. febrúar 1976 um mannflutninga í loftförum, sbr. rg. nr. 293/1979, 443/1979, 251/1984 og 33/1993 um breytingar á henni.

1. gr.

Grein 4.1 orðist svo:

Lofthæfissskírteini eða flughandbók loftfars segir til um hvort tóbaksreykingar eru leyfðar í loftfarinu. Reykingar má aðeins leyfa í stjórnklefa og farþegaklefa, en ekki á salernum eða öðrum afmörkuðum hlutum loftfarsins.

Óheimilt er að reykja í atvinnuflugi með farþega á íslenskum innanlandsflugleiðum. Frá og með 26. mars 1995 er óheimilt að reykja í öllu atvinnuflugi með farþega milli Íslands og annarra ríkja.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og gildir um íslensk og erlend loftför sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til að öðlast gildi 26. mars 1995 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 30. janúar 1995.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.